

Öryggis, heilsu- og vinnuverndarstefna

1. Inngangur

Öryggis-, heilsu og vinnuverndarstefna Landsvirkjunar (ÖHV-stefna) byggir á öryggismenningu og vinnuumhverfi sem tryggir vellíðan á vinnustað. Markmið er starfsemi án atvika sem valda varanlegum skaða. Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Stefnan gildir fyrir alla starfsemi Landsvirkjunar.

3. Hugtakaskilgreiningar

- ÖHV: Öryggis-, heilsu- og vinnuvernd.
- Sjálfbær öryggismenning: Öryggismenning þar sem öll þau stjórnunarkerfi og ferli sem notuð eru til að koma auga á, greina og stýra áhættu eru alltaf í notkun og allir starfsmenn taka ábyrgð og sýna frumkvæði.
- Hætta: Háski eða ógn sem getur valdið tjóni eða skaða.
- Áhætta: Hugtak sem lýsir alvarleika mögulegrar hættu og líkum á því að einhver verði fyrir hættunni.
- Áhættumat: Kerfisbundin greining og flokkun hættu (áhættuþátta), með tilliti til alvarleika, á vinnustaðnum.

4. ÖHV-stefna

Það er stefna Landsvirkjunar að til staðar sé sjálfbær öryggismenning sem byggir á gildum, samskiptum og hegðun starfsfólks á vinnustað.

- Líkamlegar og sálfélagslegar hættur greindar, áhættur metnar og stýringar innleiddar með forvarnir og stöðugar umbætur að leiðarljósi.
- Starfsemi án atvika sem leiða til varanlegs skaða hjá starfsfólki.
- Starfsemi stuðlar að vellíðan á vinnustað.
- Ábyrgð stjórnenda skýr og starfsmenn vita að öryggi þeirra hefur ávallt forgang.
- Hlíting við opinberar kröfur sem snerta málaflokkinn.
- Opin og heiðarleg samskipti og samráð við innri og ytri hagsmunaaðila um málaflokkinn.

5. Innleiðing, mælikvarðar og upplýsingagjöf

5.1. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu ÖHV-stefnu.

Innleiðing ÖHV-stefnu er í samræmi við alþjóðlega öryggisstjórnunarstaðalinn ISO 45001. Við innleiðingu stefnunnar er lögð áhersla á samráð og samvinnu við starfsfólk Landsvirkjunar, öryggisnefnd hennar og neyðarstjórn.



Öryggis, heilsu- og vinnuverndarstefna

Unnið er að forvörnum með gerð áhættumats og settar árlegar áætlanir til að tryggja heildstætt og markvisst vinnuverndarstarf. Aðbúnaður á vinnustað miðar að því að viðhalda góðri heilsu og vellíðan starfsmanna og starfsfólki er tryggt nauðsynleg þjálfun í öryggismálum og vinnuvernd.

5.2. Mælikvarðar

Mælikvarðar sem notaðir eru við að meta árangur innleiðingar:

- H-200; talan mælir fjarveruslys/200.000 vinnustundir fyrir starfsfólk Landsvirkjunar. Markmiðið á hverju ári er að H-200 = 0.
- H-200; talan mælir fjarveruslys/200.000 vinnustundir fyrir verktaka í framkvæmda- og endurbótaverkefnum Landsvirkjunar. Markmiðið á hverju ári er að H-200 sé 0.
- Veikindadagar starfsfólks Landsvirkjunar sem hlutfall (%) af unnum vinnustundum. Markmiðið er að hlutfall sé undir 3%.

5.3. Upplýsingagjöf

Mælikvarði fjarveruslysa er einn af lykilmælikvörðum fyrirtækisins og er því birtur í mánaðarskýrslu stjórnar og á ytri vef. Árangur og virkni ÖHV-stefnu er rýnt heildstætt árlega í framkvæmdastjórn og rætt í öryggisnefnd. Tölfræði og almenn samantekt er gerð fyrir alla starfsmenn og birt á innri samskiptamiðli fyrirtækisins. Önnur upplýsingagjöf til starfsmanna sem tengjast ÖHV-málum fer fram í gegnum samskiptamiðla fyrirtækisins og á starfsmannafundum eftir því sem við á.

6. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

7. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

19. mars 2021

Stjórn Landsvirkjunar

Jónna Þórunn Magnúsdóttir
Alfreður Ingadóttir
Jónna Þórunn
Guðjón Guðjónsson
Jónna Þórunn